

## Frá skólagörðum Garðabæjar 2020

### Kæru börn og foreldrar

Starfsfólk skólagarða Garðabæjar býður ykkur velkomin til starfa. Starfsemi skólagarðanna hefst þriðjudaginn 2. júní með skráningu og lýkur seinni partinn í ágúst. Garðarnir verða opnir frá kl. 8.00 - 16.00 alla virka daga. Fjölskyldur sem áhuga hafa á að koma með og hjálpa barni sínu eða börnum eru velkomnar.

### Innritun fer fram frá 2. júní í skólagörðunum í Silfurtúni.

Þátttökugjald er 4.500 kr. innifalið eru plöntur og útsæði auk áburðar og annars sem þarf í garðinn. *Athugið að við innritun er garður valinn.*

Eftir innritun mæta börnin til vinnu í garðana, því æskilegt er að undirbúa garðana og koma niður kartöflunum sem fyrst í júní. Hvert barn fær úthlutað einum garði sem skiptist í kartöflu- og grænmetisbeð. Fyrsta verkefnið er að hreinsa garðinn vel, mylja alla köggla, tína steina, gras og annað svo grænmetið vaxi sem best. Að því loknu er grænmetið gróðursett. Börnin fá úthlutað eftirfarandi:

36 útsæðiskartöflur, 6 gulrófur, 2 rauðrófur, 6 hnúðkál, 4 blómkál, 3 spergilkál, 3 grænkál, 10 gulrætur, 1 blaðsalat, 1 klettsalt, 1 steinselja, 1 stilkbeðja, 1 mizunakál, 1 sinnepskál, + 1 skrautkál og 2 sumarblóm sem punt. Einnig verður sáð fyrir radísu.

Eftir að gróðursetningu lýkur tekur við rólegri tími en börnin þurfa þó að koma reglulega og hirða um sinn garð, til dæmis fá börnin trefjadúk til að breiða yfir kálplönturnar í byrjun sumars, reita þarf arfa reglulega og vökva. Ráðlegt er að börnin mæti a.m.k. 2-3 sinnum í viku. Viðverutími barnanna er þó misjafn og fer hann eftir áhuga, natni og þeim verkefnum sem sinna þarf hverju sinni. Arfinn þrengir að plöntunum og breiðir fljótt úr sér sé hann ekki reittur reglulega. Hann tekur frá plöntunum næringu og jafnvel kæfir þær.

Mikilvægt er að starfsfólk sé látið vita ef farið er í frí þannig að garðurinn sé vökvaður á meðan.

Starfsemi skólagarðanna missir hluta af gildi sínu ef börnin sinna ekki þeirri ábyrgð sem þau hafa tekist á hendur. Þegar uppskerutíminn nálgast þarf að fylgjast sérstaklega með því hvenær grænmetið er tilbúið.

Nauðsynlegt er að börnin mæti með góða hlífðarhanska og séu klædd til að vinna í görðunum. Einnig geta þau sem vilja tekið með sér nesti og neytt á staðnum. Í lok sumarsins verður haldin uppskeruhátíð.

### Foreldrar athugið, skólagarðarnir eru ekki gæsluvöllur.

Allar upplýsingar varðandi skólagarðana eru gefnar hjá garðyrkjustjóra Lyngási 18, sími 591-4579, netfang: smarig@gardabaer.is

Með sumarkveðju,  
Starfsfólk skólagarða Garðabæjar